

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI FYRIR

Áramótabrennu Flateyri

31. desember 2022 kl 20:30

Kt. 54059626639

Ábyrgðarmaður Ívar Kristjánsson (kt. 2404765849)

Samræmd starfsleyfis skilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Leyfið tekur til brennu við smábátahöfnina Flateyri þann 31. desember 2022 kl 20:30 með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum:	550/2018 5. gr.	
1.2	Leyfishafi Ísafjarðarbær kt. 54059626639 er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé framfylgt.	550/2018 56. gr.	

2. SKILYRÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrr en endanlegt leyfi lögreglu yfirvalda liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn slökkviliðsstjóra.	325/2016	
2.2	Veitt er leyfi fyrir Stóra brennu (átlaður brennutími með góðum loga 4kls). 20m ³ af timburbrettum	325/2016	
2.3	enda sé stærð hennar í samræmi við sameiginlegar leiðbeiningar Brunamálastofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Ríkislögreglustjóra. “Bálkestir og brennur. Leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar. Dags. 7. desember 2000.”		
2.4	Óheimilt er að kveikja í brennunni ef vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.	325/2016	

2.5	Verði notuð olía, við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olúfélagi. Þá skal ekki hella á brennuna fyrir en í fyrsta lagi einum klukkutíma áður en kveik er í og þegar brennan er í “fullu báli” á ekki að hella meiri olíu á.	550/2016 52. gr. og 325/2016	
2.6	Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkendur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara.	325/2016	
2.7	Leyfilegt er að brenna timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmaturlagur á borð við sorp, plast- og gúmmiefni (s.s. plastkassar, fiskikör, netaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnur með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarafgöngum) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennustæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu.	325/2016 3., 18. og 23. gr. og rgl. nr. 550/2018 56. gr.	
2.8	Vöktun á brennu skal vera samfelld sbr. ákvæði í 5. gr. í leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar, Umhverfisstofnunar og Ríkislögreglustjóra ¹ frá 7. desember 2000.	325/2016	
2.9	Sjá skal um að brennustæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað í samráði við áhaldahús bæjarins. Tryggja skal að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.	325/2016 18. og 23. gr. og rgl. nr. 737/2003 11. gr.	
2.10	Öll meðferð skotelda og blysa er bönnuð nema á tímabilinu 28. desember til 6. janúar ár hvert.	414/2017, 6. gr.	
2.11	Ofanskráð ákvæði taka mið af bestu aðstæðum. Áskilinn er réttur heilbrigðiseftirlits til að gera frekari kröfur ef aðstæður krefja s.s. varðandi olúnotkun.	550/2018 og rgl. nr. 325/2016	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 414/2017 um skotelda.

Bolungarvík 25.11 2022

Fh. Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða



 Anton Helgason
heilbrigðisfulltrúi

¹ Gefið út af þáverandi stofnunum (Brunamálastofnun og Hollustuvernd ríkisins).